

Alþingi

Erindi nr. P 120 / 1549

komudagur 17.4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík



Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Samiðnar, sambands iðnfélaga, um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfinni. Samiðn hefur fjallað um frumvarpið og samþykkt eftirfarandi umsögn.

Áratugum saman hafa samningsaðilar þróað með sér samskipta- og vinnureglur sem byggja á núgildandi vinnulöggjöf. Um þessar reglur hefur ríkt all góð sátt. Verkalýðshreyfingin hefur haldið því fram að nauðsynlegt sé að viðtæk sátt ríki um breytingar á svo viðkvæmri löggjöf. Með framlagningu frumvarpsins hafa stjórnvöld gefið yfirlýsingu um að þau óski ekki lengur eftir hefðbundnu þrihliða samstarfi um þróun vinnumarkaðsmála.

Fyrirliggjandi frumvarp er gróf íhlutun í innri málefni verkalýðshreyfingarinnar og í andstöðu við alþjóðasamþykktir sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Flestar greinar frumvarpsins eru til þess fallnar að að rýra sjálfstæði stéttarfélaga og draga úr áhrifum einstakra félagsmanna í verkalýðsfélögunum. Ekkert í frumvarpinu hefur í för með sér þrengingar á heimildum atvinnurekenda og er frumvarpið sniðið að kröfum samtaka atvinnurekenda í veigamiklum atriðum. Ekki er gætt jafnvægis á milli aðila eins og samþykktir Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar mæla fyrir um.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að með lögum verði vald samninganefnda stóraukið sem felst m.a. í því að félögin geta ekki takmarkað umboð samninganefnda. Hér er um grundvallar breytingu á núgildandi lögum, reglum og hefðum að ræða. Einnig er hér um beina íhlutun í innra skipulag félaganna og skerðing á ákvörðunarvaldi einstakra félagsmanna.

Með heimild samninganefnda til að framselja umboð sitt t.d. til annarra félaga og samtaka er samningsrétti vísað til annarra án samþykkis félagsmanna. Möguleikar félaganna til að hafa áhrif á samningaferilinn eftir að samninganefnd hefur verið kjörin eru verulega skertir.

Um heimild samningarnefndar til að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu er sama að segja. Þar er verið að taka ákvörðunarvald frá félögunum og færa það til lítils hóps og honum gefið nánast ótakmarkað vald til að ákvarða með hvaða hætti atkvæðagreiðslan fer fram og til hverra hún nær. Lög og vinnureglur verkalýðsfélaga um atkvæðagreiðslur eru afnumdar. Stofnanir eins og trúnaðarmannaráð félaganna, sem í sitja kjörnir fulltrúar, er gert óvirkt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fram fari almenn leynileg atkvæðagreiðsla, sem nái til allra félagsmanna við afgreiðslu á kjarasamningum og þegar boðað er til vinnustöðvunar. Ekki er gert ráð fyrir að ein regla gildi um atkvæðagreiðslur heldur er gert ráð fyrir mörgum og flóknum afbrigðum.

Krafist er lágmarks þátttöku til þess að hægt sé að fella samninga eða boða til vinnustöðvunar. Þannig er valdið fært frá þeim sem virkir eru í félögunum til þeirra sem

óvirkir eru. Allt valdboð um atkvæðagreiðslur, sem felur í sér að meirihluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni ráði ekki útslitum, er óásættanlegt og stangast á við allar lýðræðishefðir. Einnig er hér um að ræða grófa íhlutun í innri mál frjálsrar verklyðshreyfingar.

Frumvarpið heimilar stofnun vinnustaðafélaga sem hafi einkarétt á að gera kjarasamninga fyrir viðkomandi vinnustað. Þetta fyrirkomulag gengur þvert á starfsgreinaskipulag ASÍ. En aðild að ASÍ eiga stéttarfélögin í gegnum landssambönd starfsgreina. Á síðustu árum hefur þetta skipulag verið að þróast og styrkjast sem hefur gert það að verkum að landssamböndin hafa í auknum mæli farið með samningsgerðina fyrir hönd aðildarfélaga sinna.

Með þessu hefur þeim aðilum sem koma beint að samningagerðinni fækkað verulega og kjarasamningar verið samræmdir. Með því að opna á vinnustaðafélög er verið að vinna gegn þessari þróun, fjölga verkalyðsfélögum og um leið þeim sem semja þarf við.

Samiðn telur að vinnustaðafélög, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, vinni gegn þeirri stefnu að fækka og stækka verklyðsfélögin og muni þegar til lengri tíma er litið leiða til aukinnar sundrunar. Í þessu sambandi telur Samiðn æskilegra að fara leiðir eins og farnar hafa verið í Álverinu og ríkisverksmiðjum, til marga ára, að starfsmenn verði áfram félagsmenn í stéttarfélagunum en þau gera einn samræmdan kjarasamning sem nái til allra starfsmanna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu valdi sáttasemjara. Þetta á sérstaklega við um meðferð miðlunartillagna. Samkvæmt frumvarpinu hefur sáttasemjari nær ótakmarkað vald til að ákvarða til hvers tillagan á að ná. Ef honum sýnist svo getur hann látið tillöguna ná til allra sem eru með lausa samninga án tillits til þess hvort þeir eru aðilar að samningaviðræðunum eða ekki. Með þessu getur sáttasemjari svipt félögin samningsréttinum með einhliða framsetningu miðlunartillögu. Í núgildandi lögum eru sáttasemjara tryggð veruleg völd og er engin sjáanleg ástæða til að breyta því.


Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að samningsaðilar geri viðræðuáætlanir. Samiðn telur að slík viðræðuáætlun geti verið til bóta en telur ekki ástæðu til að festa það í lög. Heppilegra er að samningsaðilar komi sér saman um vinnureglur og geri samning um það sín á milli.

Samiðn hafnar frumvarpinu og telur að það muni ekki leiða til aukins lýðræðis í stéttarfélögum eða auðvelda frjálsa samningagerð. Ef frumvarpið verður að lögum eru miklar líkur á því að það muni leiða til harðari og lengri átaka á íslenskum vinnumarkaði.

Af framan sögðu telur Samiðn annað óásættanlegt en að frumvarpið verði tekið af dagskrá og heildarsamtök samningsaðila fái að setja sér þær vinnureglur sem þeir telja til bóta.

Virðingarfyllst

F.h. Samiðnar



Grétar Þorsteinsson, formaður

Samrit sent alþingismönnum